

Ráðningarsamningur

Bæjarstjórn Kópavogs ræður Ásdís Kristjánsdóttir, kt. 280978-3459, sem bæjarstjóra Kópavogs kjörtímabilið 2022 til 2026. Um verksvið bæjarstjóra fer samkvæmt sveitarstjórnalögum 138/2011 og þeim samþykktum sem bæjarstjórn setur um starfið. Að öðru leyti gilda eftirfarandi ákvæði um ráðningu þessa:

1. gr.

Laun bæjarstjóra skulu vera krónur 2.380.021 - miðið við 1. júní 2022. Í þeirri tölu eru innifalin laun bæjarstjóra fyrir nefndarstörf (bæjarfulltrúalaun) og breytast heildarlaun skv. 1. gr. ekki þótt breytingar verði gerðar á nefndarlaunum til hækkunar eða lækkunar. Um föst laun er að ræða og því ekki greitt aukalega fyrir vinnu sem unnin er utan hefðbundins dagvinnutíma.

Laun skulu taka breytingum samkvæmt launavísitölu tvisvar á ári þann 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

Bæjarstjóri greiðir til lífeyrissjóðs lögbundið framlag gegn lögbundnu framlagi Kópavogsbæjar. Ákveði bæjarstjóri að nýta sér heimildir til viðbótarlífeyrissparnaðar skal bærinn greiða mótframlag í samræmi við reglur/lög um viðbótarlífeyrissparnað á hverjum tíma.

2. gr.

Auk launa skv. 1. gr. fær bæjarstjóri greiddan útlagðan kostnað vegna nota bifreiðar sinnar í þágu starfs síns sem nemur 1.250 km á mánuði, nú ígildi 158.750.- króna. Greitt er fyrir afnotin samkvæmt ökutækjataxa ríkisins eins og hann er á hverjum tíma.

3. gr.

Bæjarsjóður greiðir iðgjöld af slysa- og líftryggingu bæjarstjóra.

4. gr.

Réttur bæjarstjóra til orlofs skal vera 30 dagar eða sem samsvarar 13,04% af mánaðarlaunum. Nýti bæjarstjóri ekki áunninn orlofsrétt sinn innan hvers orlofsárs þá fellur hann niður þann 30. apríl ár hvert. Heimild er þó til sérstakrar undanþágu frá þessu ef verkefnastaða bæjarstjóra kemur í veg fyrir að hann geti

nýtt orlofsrétt sinn að fullu. Við slíkar aðstæður er bæjarstjóra heimilt að taka með sér að hámarki 10 orlofsdaga yfir á næsta orlofsár.

5. gr.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur innan ráðningartíma skal vera 6 mánuðir og hefur bæjarstjóri vinnuskyldu á uppsagnarfresti ef Kópavogsbær óskar þess.

6. gr.

Laun samkvæmt 1. gr. hér að ofan greiðast í 6 mánuði eftir að ráðningartíma (kjörtímabili) lýkur.

Kópavogi, 12. Júní 2022

F.h. bæjarstjórnar

Orri Hlöðversson
Formaður bæjarráðs

Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarstjóri